

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 16. janúar 2019

Minnispunktur fyrir fund SAF með umhverfis- og samgöngunefnd v. veggjalda

Samtök ferðaþjónustunnar þakka fyrir tækifæri til að koma á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og vilja koma eftirfarandi punktum á framfæri varðandi væntanleg veggjöld.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa ekki tekið afstöðu með eða á móti veggjöldum og er hér því aðeins settir fram punktar um sem samtökin telja nauðsynlegt að hafa í huga við fyrirkomulag veggjalda verði ákveðið að fara þá leið.

- Veggjald verður að ganga fyrst og fremst út á að þeir greiði sem aki.
- Mikilvægt er að taka tillit til stórnotenda, s.s. bílaleiga og hóp bifreiðafyrirtækja, við innheimtu veggjalda og þarf til þeirra hnökra sem skapast hafa í upphafi gjaldtöku Vaðlaheiðarganga.
- Gjaldflokkar fyrir bifreiðar yfir 3,5 tonn verða að vera skýrir og sanngjarnir
- Tryggja þarf að ökumaður bifreiðar, sé hann ekki umráðamaður, geti greitt gjaldið án fyrirhafnar og fái skýrar upplýsingar um það.
- Koma þarf á fót miðlægum gagnagrunn sem sendir í rauntíma upplýsingar um ógreidd veggjöld til umráðamanna þannig að þeir geti innheimt eftir því sem við á.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari punkta og ábendingar á síðari stigum.